



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**589. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 4. nóvember 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Föstudaginn 1. nóvember var haldinn fundur og vinnustofa samráðsvettvangs höfuðborgarsvæðisins vegna mótunar Sóknaráætlunar 2025-2029. KPMG var falið að halda utan um verkefnið. Ráðgjafar frá KPMG kynna helstu niðurstöður vinnustofunnar og næstu skref við gerð Sóknaráætlunar. Gert er ráð fyrir að KPMG vinni áfram að mótun sóknaráætlunar og stjórn fundi sérstaklega um hana á næstu vikum.

Gestir

Sævar Kristinsson ráðgjafi KPMG

Lilja Ósk Alexandersdóttir ráðgjafi KPMG

Róbert Ragnarsson ráðgjafi KPMG

Niðurstaða:

Umræður

2. Fyrirkomulag almenningsamgangna ríkis og sveitarfélaga á hbsv. - 2409007

Áframhaldandi umræður frá 587. fundi. Vinna við stofnun nýs félags um almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu stendur yfir á vettvangi stýrihóps ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri ásamt Birgi Birni Sigurjónssyni kynna stöðu vinnunnar, þær sviðsmyndir sem eru í skoðun og vinnuna framundan. Lagt er til að framkvæmd verði frekari greining á fjárhagslegri stöðu Strætó bs. í tengslum við þær breytingar sem framundan eru.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Umræður um stöðu mála er lýtur að frumniðurstöðum ESA hvað varðar tekjuskattsundanþágu byggðasamlagsins Sorpu og ákvörðun um að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. verði flutt í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Afgreiðsla ESA liggur ekki enn fyrir en ætla má að flytja þurfi efnahagslega starfsemi Sorpu bs. í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Vinnuhópur Sorpu bs., sem samanstendur af ráðgjöfum og stjórnendum, og starfar með áhættnefnd Sorpu bs., vinnur nú að sviðsmyndagreiningu fyrir innleiðingu þess. Er þá fyrirséð að til að innleiða framangreindar breytingar þurfi að líta til þess að gera breytingar á stofngerðum Sorpu bs.

Niðurstaða:

Þar sem umræddar breytingar munu kalla á aðkomu eigenda að málinu fer stjórn SSH fram á það við stjórn Sorpu bs. að Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH, hafi aðkomu að framangreindri vinnu með það að markmiði að vera tengiliður við stjórn SSH m.t.t. upplýsingagjafar gagnvart henni og Stefnuráði byggðasamlaganna.

4. Önnur mál - 2110011

Umræður um stöðu á afgreiðslu sveitarfélaganna á uppfærslu Samgöngusáttmálans en fyrir liggur að hún hefur verið staðfest af hálfu fimm sveitarfélaga og seinni umræða í sveitarstjórn Seltjarnarness fer fram í næstu viku.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.